

Alþingi
Erindi nr. P 135/2648
komudagur 13.5.2008

SLR – 30.04.2008.

**Breytingatillögur vegna frv. til laga um breytingu á ýmsum
lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna
á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu.**

I. Breytingar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

1) 7. gr. frumvarpsins breytist og orðast svo:

a) 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmd stjórnsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Fiskistofustjóri ræður sviðsstjóra til að stýra því sviði. Skal hann hafa háskólapróf sem nýttist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.

b) Í stað orðsins “Matvælastofnunar” í 3. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Fiskistofa.

II. Breytingar á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.

1) Á eftir orðinu “fiskræktar” í 12. gr. frumvarpsins kemur: fiskeldis.

2) Á eftir orðinu “fiskeldis” í 13. gr. frumvarpsins kemur: fiskeldis.

3) a-liður 14. gr. frumvarpsins fellur brott.

4) 15. gr. frumvarpsins fellur brott.